



# Upplýsingarít

September 2011

Ágætu forráðamenn

Starfsmenn Flensborgarskólans bjóða ykkur velkomin á þennan fund. Það er von okkar að þær upplýsingar sem koma fram nýtist ykkur til stuðnings nemendum og auðveldi ykkur samstarfið við okkur.

Í þessum bæklingi er að finna viðtalstíma kennara, skólasóknarreglur og forvarnarreglur skólans, en auk þess vonum við að þið verðið dugleg að spyrja ef einhver vafaatriði koma upp.

fyrir hönd starfsmanna,  
Magnús Þorkelsson  
Aðstoðarskólameistari

## Kennari

Alda Guðrún Áskelsdóttir(AGÁ)  
Ása Katrín Hjartardóttir(ÁS)  
Elfur Erna Harðardóttir(EEH)  
Erla Sigríður Ragnarsdóttir(ER)  
Hólmfríður Sigþórsdóttir(HSI)  
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson(HTK)  
Hrefna Stefánsdóttir(HRS)  
Inga Jóna Þórisdóttir(IJÞ)  
Sigríður Ragna Birgisdóttir(SRB)  
Hrafnhildur R. Jósefsdóttir

## Stofa

M304  
M303  
M301  
M305  
M302  
M306  
M308  
H201  
M309  
M105

## Viðtalstímar námsráðgjafa

**Námsráðgjafar skólans heita Helga Valtýsdóttir og Sunna Þórarinsdóttir. Hjá þeim er hægt að panta tíma, oftast með stuttum fyrirvara.**

**Skóreglan:** Það á að fara úr útiskóm. Engin ábyrgð er tekin á skóm, en nemendur geta fengið skápa þar sem þeir geta geymt þá.



### Stórir dagar:

Haustönn

- 30. sept. er Flensborgardagur. 1. október verður svo haldið Flensborgarhlaup.
- Vetrarfrí er 20. og 21. október.
- Valvika hefst 2. nóvember.
- Kennslulok eru 29. nóvember, próf hefjast 30. nóvember og þeim lýkur 12. desember.
- Einkunnir eru afhentar 20. des.
- Gíróseðlar eru sendir út í lok nóvember/byrjun desember.

### Reglur skólans varðandi vímuefni:

- Öll meðferð og neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans eða á vettvangi skólastarfsins
- Á skólaskemmtunum og ferðalögum í nafni skólans er öll meðferð áfengis og annarra vímuefna bönnuð.
- Öllum alvarlegri málum, svo sem sölu eða milligöngu um sölu áfengis, sölu eða dreifingu ólöglegra fíkniefna er umsvifalaust vísað til lögreglu. Skólaráð tekur málið svo fyrir og ákveður m.a. hvort nemandi er vísað úr skóla á meðan rannsókn fer fram.

## Reglur á böllum:

- Verði nemi uppvís að drykkju á balli er honum vísað frá ballinu sé hann 18 ára eða eldri en hringt í forráðamenn sé hann yngri en 18 ára þeim gert að sækja hann.



- Í kjölfarið er nemi boðaður í viðtal hjá forvarnafulltrúa og farið yfir stöðu mála. Við fyrsta brot fer nemi í bann á næsta ball. Við annað brot fer nemi í skemmtanabann í heilt ár frá broti. Við þriðja brot er nemanum vísað til skólameistara.
- Öll meðferð tóbaks er bönnuð og nemendum sem verða uppvísir að því að brúka það er vísað frá ballinu án frekari viðurlaga.

.....

Á öllum skemmtunum á vegum skólans eru 5 –6 starfsmenn skólans til staðar. Helstu verkefni þeirra er að fylgja eftir þeim reglum sem settar hafa verið og vera í sambandi við forráðamenn ef þurfa þykir.

## Nemendaverndarráð

### Innan Flensborgarskóla starfar nemendaverndarráð.

Hlutverk ráðsins er að fjalla um mál nemenda sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda. Ásamt því er umfjöllun um félags- og tilfinningamál sem upp koma meðal einstaklinga og hópa. Nemendaverndarráð mótar stefnu og viðbrögð skólasamfélagsins við áföllum s.s. dauðsföllum, slysum og alvarlegum veikindum. Einnig er það hlutverk ráðsins að móta viðbrögð við einelti.

Þeir sem vísa málum til ráðsins geta nálgast eyðublöð á skrifstofu skólans og skilað þeim þangað merkt ráðinu.

Fara skal með öll mál sem ráðið fjallar um sem trúnaðarmál.

## Upplýsingar um skólasóknarreglur

Reglurnar í heild sinni eru á heimasíðu skólans (Skólinn). Einnig eiga allir nýnemar að hafa fengið afrit af þeim í hendur á nýnemadögum í byrjun annar.

**NÁM ER VINNA**...þetta eru einkunnarorð sem kennarar hér innan skólans reyna að innprenta hjá nemendum. Til þess að ná árangri þarf að stunda vinnu sína. Mæta á réttum tíma, fylgjast með í tímum, vinna heimavinnuna og almennt stunda námið af alvöru.

### **Veikindi:**

Veikindi þarf að tilkynna daglega. Það er hægt að tilkynna þau með eftirfarandi hætti:

- Hringja á skrifstofu skólans, þetta þarf að gerast fyrir hádegi hvern dag sem veikindi vara s: 565-0400
- Senda tölvupóst á [skrifstofa@flensborg.is](mailto:skrifstofa@flensborg.is), þarf einnig að senda fyrir hádegi, hvern dag sem veikindi vara.

### **Vottorð:**

Til að veikindatilkynningar séu teknar gildar þarf vottorð frá forráðamönnum að berast skrifstofu innan þriggja, virkra daga eftir að veikindum lýkur. Einungis forráðamenn geta skilað vottorðum. Það má skila vottorðum með þrennum hætti.

- Fylla út eyðublað á skrifstofu skólans. Þetta eyðublað má einnig nálgast á heimasíðu skólans (upplýsingar, eyðublöð, veikindavottorð).
- **Senda vottorð í tölvupósti, pósturinn þarf að berast frá viðurkenndu netfangi (netfangi forráðamanna).**
- **Senda fax, þá þarf að hringja á undan og tilkynna skrifstofu að fax sé á leiðinni.**

Læknisvottorðum geta nemendur skilað sjálfir.

### **Lengri veikindi:**

Ef veikindi koma upp sem vara lengur en 3-4 daga( svo sem svínaflensa, innlögn á sjúkrahús) skal forráðamaður hafa samband við skrifstofu. Öll slík mál eru meðhöndluð sérstaklega í samráði við forráðamenn.

### **Óútskýrðar fjarvistir:**

Fjarvistir sem ekki eru útskýrðar með vottorðum kallast óútskýrðar fjarvistir. Þessar fjarvistir eru notaðar við útreikning á mætingareinkunn. Nemandi sem mætir vel og er lítið veikur fær einingu fyrir mætingu (mæting í lok annar yfir 92,5%). Nemandi sem mætir illa missir eina einingu(mæting í lok annar undir 82,5%). Skólinn lítur það alvarlegum augum ef nemandi fellur á mætingu, þ.e. ef hann missir einingu. Öll slík mál eru tekin fyrir af yfirvöldum skólans.

Forráðamenn hafa aðgang að Innu þar sem fjarvistir koma fram. Í aftasta dálki viðveruskráningar kemur fram prósentutala(til mætingareinkunnar). Ef þessi tala er farin að nálgast „hættumörk“ er gripið inní. Umsjónarkennari fylgist með mætingu og kallar nemanda til viðtals ef þurfa þykir.

Fjarvistastjóri heldur utan um mætingarmál í samvinnu við umsjónarkennara, námsráðgjafa og aðstoðarskólameistara.

Afrit af vottorðablaði:



## Flensborgarskólinn

Veikindavottorð

Það vottast hér með að:

---

Nafn og kennitala nemandans

var veik(ur) \_\_\_\_\_

Dagsetning(ar) veikinda,  
eða aðrar upplýsingar.

---

**Undirskrift forráðamanns og dagsetning**

Vottorði þessu skal skilað af forráðamanni innan þriggja daga frá veikindum.

## Viðtalstímar kennara eru á heimasíðu skólans!

### Skrifstofa skólans

Almennir opnunartímar:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 15:30.

Föstudaga kl. 8:00 - 14:30.

**Sími: 5650400**

### Mötuneyti

Í mötuneyti skólans er boðið upp á heitan mat í hádegi, samlokur, skyrdrykki og fleira.

Sælgæti eða gos er ekki selt í mötuneytinu.



### Bókasafn

**Almennir opnunartímar:**

Mánudagar kl. 8.00-16.00

Þriðjudagar kl. 8.00-16.00

Miðvikudagar kl. 8.00-16.00

Fimmtudagar kl. 8.00-16.00

Föstudagar kl. 8.00-15.00

### Einkunnaskali vegna mætinga

Skólasókn	Skólasóknar-einkunn	Eining	Fjarvera
92,50%	10	1	7,5%
87,50%	8	0	12,5%
82,50%	6	0	17,5%
Undir 82,49 %	4	-1 Fall	